
283. Hanna Katrín Friðriksson (Innlæg)

Takk, forseti. Midtergruppen hefur lengi barist fyrir þessari uppfærslu á Helsingfors-sáttmálanum og það er þess vegna gleðiefni að við skulum vera komin svona langt. Það er ekki síst áhersla á öryggis- og varnarmál og utanríkismál og þess vegna segi ég að ég hefði viljað sjá 1. gr. uppfærða í því að halda utanríkismálum þar inni líka til þess að tryggja að óumdeilt sé að við ætlum að stefna að sameiginlegri sýn í utanríkismálum í heild sinni.

Það er þessi áhersla á öryggis- og varnarmál sem er svo nauðsynleg til þess að við getum hrint saman í framkvæmd ýmsum tillögum sem Stoltenberg-skýrslan, Enestam-skýrslan og Bjarnason-skýrslan hafa lagt til að við gerum til að ná markmiðum okkar um örugg, friðsæl og samþætt Norðurlönd. Við erum líka að tala um almannavarnir og viðbúnað, réttindi barna og ungmenna. Þetta þarf að vera alveg skýrt í stjórnarskránni okkar. Nátengd því er síðan nauðsynleg uppfærsla sem lagt er til að farið verði í á öðrum greinum, t.d. þeim sem varða stafræna innviði og fjölmiðla, svo dæmi séu tekin, vegna þess að Helsingfors-sáttmálinn, eins og hann er nú, veit ekki af internetinu.

Það er fullkomin samstaða um þessa þætti og við munum hrinda þeim í framkvæmd okkur öllum til heilla. Þess vegna eru það vonbrigði að það skuli ekki hafa náðst málamiðlun varðandi það hvernig við göngum í það mál að veita sjálfstjórnarríkjunum þremur fulla aðild að samstarfi okkar, vegna þess að við erum að þessu öllu til að verða sterkari saman og við erum sterkari átta en við erum fimm. Ég get ekki skilið orðræðuna hér á þinginu og á undanförunum fundum, né heldur orðræðu ráðherranna, sem hafa hver á fætur öðrum tjáð sig um þessi mál, öðruvísi en svo að það sé pólitísk samstaða um þetta, og þegar svo er þá látum við þetta bara gerast.

Takk fyrir.

Skandinavisk översättning

Tack, president! Mittengruppen har under en längre tid förespråkat en revidering av Helsingforsavtalet, och det är därför mycket glädjande att vi nu har hunnit så här långt. Fokuset ligger inte minst på säkerhets- och försvarspolitiken och på utrikesfrågor, och jag vill därför nämna att jag skulle ha föredragit att artikel 1 reviderades för att också hänvisa till utrikespolitik, för att göra det oomtvistligt att vårt mål är att utveckla en gemensam syn på utrikespolitiken i sin helhet.

Det är detta fokus på säkerhets- och försvarsfrågor som är så nödvändigt för att vi gemensamt ska kunna genomföra olika åtgärder som föreslås i Stoltenberg-rapporten, Enestam-rapporten och Bjarnason-rapporten som sätt att nå våra mål om ett säkert, fredligt och integrerat Norden. Vi diskuterar också civilförsvaret och beredskap, och barns och ungas rättigheter. Allt detta måste stå klart och tydligt i vår grundlag. Nära kopplat till detta är sedan den nödvändiga revidering av andra artiklar som vi föreslår, t.ex. när det gäller digital infrastruktur och medier, för att ta exempel, eftersom Helsingforsavtalet i sin nuvarande form inte känner till internet.

Det råder full samstämmighet om dessa aspekter, och vi kommer att genomföra dem till gagn för oss alla. Därför är det en besvikelse att vi inte har kunnat nå en kompromiss när det gäller frågan om hur de tre självstyrande områdena kan bli fulla medlemmar av vårt samarbete, med tanke på att hela rådets verksamhet syftar till att bli starkare ihop, och att vi är starkare som en grupp av åtta än som en grupp av fem. Jag kan inte tolka debatten här under sessionen och på de möten vi har haft, och inte heller det som vi har hört från ministrarna, som alla har yttrat sig om frågan, på något annat sätt än att det finns en politisk enighet om detta, och i så fall finns det inget hinder för att vi gör det till verklighet. Tack för ordet.

Information

Tal nummer

283

Typ

Indlæg

Person

[Hanna Katrín Friðriksson](#)

Status

Waiting for transcription

Datum

31.10.24 09:08

